

ákærðan Indriða Björnsson 4 mánaða betrunarhússvinna, en fullnustu refsingarinnar skal samkv. lögum 39/1907, sbr. lög 57/1933, frestað og refsingin falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa nema þeir ákærðu innan þess tíma sæti dómi í opinberu máli til þyngri refsingar en sekta fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði.

Svo greiði hinir kærðu in solidum allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Mánudaginn 18. febr. 1935.

Nr. 21/1934. **Lárus Eggertsson, Grímur Eggertsson, Guðjón Guðnason, Fanney Eggertsdóttir og Helga Aðalheiður Eggertsdóttir** (Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

**skiptaráðandanum í Húnavatnssýslu f. h. dánarbús Guðrúnar Grímsdóttur, Gunnari Kristóferssyni fyrir sína hönd og Puríðar dóttur sinnar, og Guðmundi Gunnarssyni**

(Pétur Magnússon).

**Skiptaréttarúrskurður.**

*Tveir úrskurðir skiptaréttar Húnavatnssýslu 21. dez. 1933:* 1) Framkomin mótmæli gegn 10. og 11. skuldalið á réttarskjali nr. 5, verða eigi tekin til greina. Sömu skuldaliðir, kr. 2750.00 og kr. 4469.91, samtals kr. 7219.91 skulu teljast með skuldum búsins.

2) Krafa ekkilsins, Gunnars Kristóferssonar, um að söluandvirði jarðarinnar Valdaráss, kr. 18000 — átján þúsund krónur — skuli talin með skuldum félagsbús hans og látinn konu hans, Guðrúnar Grímsdóttur, skal tekin til greina. Svo skal og tekin til greina og talin með skuldum búsins 2% ársvextir af söluverði jarðarinnar frá 1. júlí 1922 til 10. marz 1933.

### Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa krafizt þess, að hinir áfrýjuðu úrskurðir verði ómerktil, og að hinir stefndu verði dæmdir til að greiða þeim málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Hinir stefndu hafa krafizt staðfestingar á úrskurðunum, og að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða þeim in solidum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Þann 3. júní 1916 gekk stefndi, Gunnar Kristófersson, sem þá var ekkjumaður og átti 3 börn á lífi eftir fyrri konu sína, þar á meðal stefnda Guðmund Gunnarsson, að eiga síðari konu sína, Guðrúnu Grímsdóttur, sem þá var ekkja og átti 5 börn á lífi, á aldrinum 7—14 ára, eftir fyrri mann sinn, og eru þau 4 áfrýjendur þessa máls og Guðjón Guðnason, maður einnar dótturinnar. Guðrún Grímsdóttir andaðist 3. sept. 1932, og er ágreiningur sá, er hér liggur til úrlausnar, risinn í sambandi við skipti á félagsbúi áður nefndra hjóna milli stefnda Gunnars Kristóferssonar og erfingja konu hans áður nefndrar.

Í máli þessu er áfrýjað úrskurði um kröfur stefnda Guðmundar Gunnarssonar og öðrum úrskurði um kröfu stefnda Gunnars Kristóferssonar í nefnt bú. Aðeins tveir af erfingjum Guðrúnar Grímsdóttur hafa mótmælt kröfum Guðmundar, og verður að skilja svo kröfurnar sem þeir einir krefjast ómerklingar á fyrra úrskurðinum.

#### 1. Kröfur Guðmundar Gunnarssonar.

Þeirri sameiginlegu varnarástæðu gegn kröfum þessum báðum hefir verið hreyft fyrir hæstarétti, að þær kynni að vera fyrndar. Þegar af þeirri ástæðu, að stefndi Gunnar Kristófersson hefir fortakslaut

viðurkennt kröfur þessar, verður varnarástæða þessi ekki tekin til greina.

a) **Arfskrafan.** Því er ekki mótmælt, að Guðmundi Gunnarssyni hafi tæmst arfur sá, er í hinum áfrýjaða úrskurði getur, né heldur er því mótmælt, að arfurinn hafi staðið inni í búi Gunnars Kristóferssonar eftir að hann skipti búi sínu og fyrri konu sinnar 1916, en þá var Guðmundur 22 ára gamall, og virðist Gunnar upphaflega hafa geymt arfinn í búi sínu og síðari konu sinnar sem meðráðamaður Guðmundar sonar síns. Þessi arfur hefir síðan staðið inni í búi Gunnars og Guðrúnar og ekki verið greiddur. Verður því að telja höfuðstólinn réttilega krafinn úr búi nefndra hjóna. Og með því einnig verður að telja stefnda Guðmundi Gunnarssyni rétt að heimta vexti af skuld þessari eins og hann hefir gert, verður að staðfesta ákvæði úrskurðarins um þenna kröfulið.

b) **Krafa til andvirðis selds sauðfjár.** Með skirskotun til atvika þeirra, sem í hinum áfrýjaða úrskurði greinir um þenna kröfulið, verður og að telja höfuðstól þessarar kröfu réttilega krafinn úr oftnefndu búi. En samkvæmt 2. málsgrein 38. gr. laga nr. 39/1922 verður að færa vaxtakröfuna niður í 5%, og verður þá þessi kröfuliður með vöxtum og vaxtavöxtum kr. 4065.67.

Samanlagðir kröfuliðirnir undir a) og b) verða þá kr. 6815.67, og ber þá að staðfesta úrskurðinn um kröfur Guðmundar með þessari breytingu.

## II. Krafa Gunnars Kristóferssonar.

Fjármál hjónanna Gunnars Kristóferssonar og Guðrúnar Grímsdóttur fóru eftir lögum nr. 3/1900. Samkvæmt 21. gr. laga þessara verður arður af séreign annars hjóna og andvirði hennar einnig sér-

eign þess hjónanna. Af því leiddi það, að andvirði Valdaráss og vextir af því urðu einnig séreign Gunnars Kristóferssonar. En með því, að hann notaði hvorttveggja í þarfir félagsbús síns og konu sinnar, hvarf að vísu séreignarréttur hans að þessum verðmætum, og hefir hann því nú einungis kröfurétt til þess að fá upphæðir þessar teknar frá, áður en búinu er skipt milli hans og erfingja síðari konu hans. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til þess, sem fram er tekið í úrskurðinum um kröfu þessa, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjendur til að greiða in solidum 250 krónur upp í málskostnað fyrir hæstarétti til hinna stefndu Gunnars Kristóferssonar og Guðmundar Gunnarssonar.

#### Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður um kröfu stefnda, Guðmundar Gunnarssonar, á að vera óraskaður, þó þannig að kröfuupphæðin verði samtals kr. 6815.67.

Úrskurðurinn um kröfu Gunnars Kristóferssonar á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Lárus Eggertsson, Grimur Eggertsson, Guðjón Guðnason, Fanney Eggertsdóttir og Helga Aðalheiður Eggertsdóttir, greiði in solidum 250 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti til hinna stefndu Gunnars Kristóferssonar og Guðmundar Gunnarssonar, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hinna áfrýjuðu úrskurða hljóða svo:

Kröfur þær, er hér um ræðir og teknar eru til úrskurðar í einu lagi eru tvær:

a. Arfalóðskrafa frá 1915 með 5% vöxtum, nú kr. 2750.00.

b. 48 ærverð frá árinu 1922, með 6% vöxtum nú kr. 4469.91.

Að a. Krafan er viðurkennd af ekklinum, Gunnari Kristóferssyni. Kröfunni hefir aðeins verið mótmælt af umboðsmanni 2ja erfingjanna, en án þess að þau mótmæli væru rökstudd. Því hefir eigi verið mótmælt að arfurinn hafi tilfallið þeim er kröfuna gerir. Engar líkur færðar fyrir því, enda ekki einu sinni haldið fram, að arfurinn muni hafa verið útborgaður. Og vöxtunum, sem reiknaðir eru, hefir eigi sérstaklega verið mótmælt. Með hliðsjón af 59. gr. skiptalaganna frá 12/4 1878, verða slík mótmæli, sem framfærð eru gegn kröfunni, að teljast ófullnægjandi, og er því eigi unnt að taka þau til greina.

Að b. Krafan er viðurkennd af ekklinum, Gunnari Kristóferssyni. Kröfunni hefir aðeins verið mótmælt af umboðsmanni 2ja erfingjanna, án þess að þau mótmæli væru rökstudd. Það hefir eigi verið véfengt að Gunnar Kristófersson hafi keypt hinar 48 ær, sem um getur í rjskj. nr. 7. Því hefir ekki verið haldið fram að hann hafi nokkurntíma greitt kaupverð þeirra. Og við kaupverðið eru engar atvugasemdir gerðar og eigi heldur við vaxtatökuna né vaxtahæðina. Með hliðsjón af 59. gr. skiptalaganna, verða slík mótmæli gegn kröfunni að teljast ófullnægjandi og því eigi unnt að taka þau til greina.

2. Ekillinn, Gunnar Kristófersson, gerir kröfu til þess, að söluandvirði jarðarinnar Valdaráss, sem hafi verið sér eign hans, samkvæmt kaupmála milli hans og látinnar konu hans, Guðrúnar Grímsdóttur, gerðum 3. júní 1916, áður en þau giftust, og sem við sölu jarðarinnar hafi smám saman. eftir því sem andvirðið greiddist runnið inn í félagsbú þeirra hjóna, sem rekstrarfé, er það hafi haft fulla þörf fyrir, verði talið með skuldum búsins og til frádráttar eignaupphæð þess. Auk þess krefst hann 2% vaxta af söluverðinu. Lýsir hann því yfir að söluverð jarðarinnar hafi verið að fullu greitt fyrir 1. janúar 1929.

Umboðsmenn stjúpbarna ekkilsins mótmæla því að krafan verði tekin til greina, af þeim ástæðum:

a. Að kaupmálinn sé óþinglesinn og þess vegna ógildur, sbr. réttarskjal nr. 2.

b. Að ósannað sé að söluandvirði jarðarinnar Valdaráss hafi gengið inn í félagsbú þeirra Gunnars Kristóferssonar og hinnar látnu kons hans Guðrúnar Grímsdóttur (rjskj. nr. 9).

Að a. Eftir orðalagi 3. gr. laga um fjármál hjóna, nr. 3 frá 12. jan. 1900, virðist það alveg ótvírætt, að kaupmáli, sem gerður er á undan giftingu hjóna, er skuldbindandi fyrir hjónin sjálf og erfingja þeirra, þó hann sé eigi þinglesinn. Mótmæli byggð á því að kaupmálinn hafi eigi verið þinglesinn, geta því eigi orðið tekin greina.

Að b. Framkomin mótmæli gegn kröfunni, byggð á því, að andvirði jarðarinnar Valdaráss, hefi ekki gengið inn í félagsbúið, (sbr. sjskj. 9), eru með öllu órökstudd. Engar líkur né sannanir eru færðar fram fyrir því, að Gunnar Kristófersson hafi haldið andvirði Valdaráss og innborguðum vöxtum af því, utan við félagsbúið. Og engar líkur eru færðar fram fyrir því, að hann hafi yfir höfuð varið fé í nokkuð annað en verzlunarrekstur sinn. Hinsvegar liggur fyrir á rskj. nr. 14 greinileg skýrsla annars kaupandans, Axels Guðmundssonar, um það, hvernig hann hafi greitt af kaupverðinu kr. 10.000.00 og auk þess vexti að upphæð kr. 1393.38. Ber skýrslan með sér, að mjög mikið af afborgunum jarðarverðsins og vöxtum af því, hefir gengið í gegn um verzlunarreikning Axels Guðmundssonar við verzlun Gunnars Kristóferssonar. Þá hafa og verið sýndar í réttinum og legið fyrir til athugunar kvittanir fyrir greiðslu króna 6500 upp í jarðarverðið og krónum 1004,65 í vexti af því, frá Gunnari Kristóferssyni til hins kaupanda Valdaráss, Daniels Danielssonar.

Þar, sem samkvæmt framansögðu, er svo fjarri því, að líkur hafi verið færðar fram fyrir því, að staðhæfing ekkilsins, Gunnars Kristóferssonar, að andvirði jarðarinnar Valdaráss, hafi runnið inn í félagsbúið, sé röng, að þvert á móti hafa verið færðar fram sterkar líkur fyrir sannindum þeirrar staðhæfingar, verður að líta svo á, með hliðsjón af 2. málslið 59. gr. skiptalaganna, að greind staðhæfing ekkilsins, Gunnars Kristóferssonar, sé rétt og að söluandvirði Valdaráss hafi runnið í félagsbú hans og Guðrúnar Grímsdóttur. En þar af leiðir að játa verður

honum rétti til að lýsa kröfunni sem skuld á búinu og krefjast greiðslu af eignum þess, samhliða öðrum almennum skuldheimtumönnum.

Vaxtakröfunni, 2% af söluverði jarðarinnar Valdaráss, hefir aðeins verið mótmælt í sambandi við jarðarverðs-kröfuna, en eigi sérstaklega. Og þar sem krafan virðist vera mjög hófleg og sannað virðist mega telja, að meginþorri þeirrar upphæðar, sem vaxtakrafan nemur, hafi verið greiddur inn í búið af kaupendum jarðarinnar, allt frá fardögum 1922, virðist eftir atvikum rétt að taka hana einnig til greina og reiknast vextirnir frá lokum júnímánaðar 1922 til 10. marz 1933.

---

Miðvikudaginn 20. febr. 1935.

Nr. 136/1934. **Andreas Holdö f. h. síldarolíuverk-**  
**smiðjunnar „Ægir“ í Krossanesi**

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

**Jóni Magnússyni (Pétur Magnússon).**

Slysabætur.

*Dómur gestaréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar 11. maí 1934:* Stefnður, Andreas Holdö, framkvæmdarstjóri í Krossanesi, fyrir hönd eigenda síldarolíuverksmiðjunnar í Krossanesi, greiði stefnandanum, hæstaréttarmálflutningsmanni Gustav A. Sveinssyni í Reykjavík fyrir hönd Jóns Magnússonar, stýrimanns, Reykjavík, 15000 — fimmtán þúsund krónur — ásamt 6% ársvöxtum af þeirri upphæð frá 29. júní 1932 að telja þar til greitt er. Svo greiði stefndur og stefnandanum 850 — átta hundruð og fimmtíu krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefir krafizt þess aðallega, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnda og að